



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
postur@fjr.is

Sent í Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 9. nóvember 2020

Efni: Umsögn stjórnar Félags vinnuvélaeigenda um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt


Vísað er til umsagnar Félags vinnuvélaeigenda, dags. 28. september 2020, vegna áforma um frumvarpsdrög þau sem nú eru til umsagnar. Niðurstöður samráðs vegna þess máls hafa verið birtar. Þar segir m.a. um sjónarmið félagsins að vilji löggjafans við setningu laga um virðisaukaskatt hafi staðið til þess að endurgreiðslan næði einungis til virðisaukaskatts af vinnu manna á byggingarstað en ekki til virðisaukaskatts af vinnu stjórnenda vinnuvéla á byggingarstað. Auk þess hafnar ráðuneytið því að um sé að ræða mismunun milli starfsgreina enda sé um eðlisólíka þjónustu að ræða.

Félagið lýsir yfir vonbrigðum með þessa niðurstöðu ráðuneytisins. Að mati félagsins eru rök ráðuneytisins fyrir að undanskilja jarðvinnuna rýr en öllum má ljóst vera að vinna stjórnenda vinnuvéla á byggingarstað er sannarlega „vinna manna á byggingarstað“ óháð því hvers konar tæki eru notuð til að framkvæma þá vinnu. Jarðvinnan er nauðsynlegur undanfari allrar húsnæðisuppbyggingar og fyrsti liðurinn í keðjunni á eftir hönnuninni. Jarðvinnan er traustur grundvöllur alls þess sem á eftir kemur.

Ráðuneytið vísar til þess að þjónustan sem veitt er sé eðlisólík annarri þjónustu sem falli undir úrræðið. Svo má vel vera en að mati félagsins á slíkt hið sama við um hinar fjölmörgu iðngreinar sem falla undir úrræðið. Starfsemi rafvirkjameistara og málarameistara er ólík í eðli sínu svo dæmi sé tekið. Þjónusta allra þessara aðila sem koma að húsnæðisuppbyggingu er þó lík að því leyti að markmiðið er hið sama í öllum tilvikum, þ.e. uppbygging húsnæðis. Höfuðmáli skiptir að hér er aðeins ein atvinnugrein, sem kemur raunverulega að húsnæðisuppbyggingu á byggingarstað, undanskilin úrræðinu. Í því felst, að mati félagsins, ójafnræðið.

Félagið ítrekar enn mikilvægi þess að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að færa jarðvinnu undir úrræðið. Auk þess lýsa fulltrúar félagsins sig reiðubúna til að funda um málið.

F.h. stjórnar Félags vinnuvélaeigenda


Eyrún Arnarsdóttir,
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI